

Nd.

448. Frumvarp til laga

[195. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Jón Ísberg, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 3. málsgr. 35. gr. laganna falli burt.

2. gr.

Orðin „allt að þrem“ í 4. málsgr. 50. gr. laganna falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1967.

Greinargerð.

Sú breyting, sem farið er fram á, að gerð verði á almannatryggingalögum, er, að greiddir verði sjúkradagpeningar og slysabætur með öllum börnum bótaþega, en ekki aðeins þremur fyrstu börnunum, eins og lögum mæla nú fyrir um.

Þessi takmörkun á greiðslum til þeirra bótaþega, er njóta sjúkra- og slysaþóta, er sennilega komin í lögum fyrir misskilning. Í frumvarpi að tryggingalögum, sem lagt var fyrir Alþingi 1945, segir svo í 31. gr., að foreldrar eigi rétt á fjölskyldubótum, „sem hafa á framfæri sínu 4 börn eða fleiri“. Í 3. mgr. 42. gr. frumvarpsins segir: „Þegar sjúkrabætur eru greiddar (þ. e. sjúkradagpeningar til fullorðinna einstaklinga), er auk hinna venjulegu fjölskyldubóta samkv. 30.—32. gr. einnig greitt með þremur fyrstu börnunum í hverri fjölskyldu.“ Ákvæðin um slysabætur er að finna í 55. gr. frumvarpsins og eru efnislega eins. Þessi ákvæði frumvarpsins urðu að lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946, en þar eru ákvæðin um fjölskyldubætur í 30., 31. og 32. gr. laganna, um sjúkrabætur í 40. gr. og um slysa-bætur í 53. gr.

Samkvæmt þeim ákvæðum, sem rakin hafa verið, er augljóst, að ætlunin var að ívilna þeim, sem urðu óvinnufærir vegna sjúkdóms eða slysa, þar sem þeir fengu fjölskyldubætur með öllum börnum sínum, en aðrir aðeins með fjórða barni og þar fram yfir. Nú eru greiddar fjölskyldubætur með öllum börnum, og er þegar af þeirri ástæðu ranglátt að takmarka greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga við aðeins 3 börn. Auk þess má benda á, að ætlun löggjafans mun vera, að bótaþegar sjúkra- og slysaþóta njóti ekki minni bóta en öryrkjar, en öryrkjar eiga rétt á barnalífeyri fyrir öll sín börn.

Útgjaldaaukning vegna þessara breytinga er hverfandi lítil. Hér er fyrst og fremst um sanngirnismál að ræða, sem þeir, er vinna við framkvæmd tryggingalaganna, hafa áhuga á að fá framgengt.